



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



## KYNBUNDIÐ OFBELDI: FORVARNIR OG FRÆÐSLA

### Hvernig tökum við samtalið?

#### Einingabært námskeið (5 ECTS á grunnstigi)

Markmið námskeiðsins er að efla getu og sjálfstraust þátttakenda til að leiða umræðu og vinna að málum tengdum kynbundnu ofbeldi sem kunna að koma upp í starfi. Námskeiðið er skipulagt í lotum og samanstendur af fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu. Fjallað verður um kynbundið ofbeldi út frá helstu birtingarmyndum þess í samfélagi okkar. Farið verður í helstu fræðilegu hugtök kynjafræðinnar sem varða efnið og rýnt í ólíka stöðu og möguleika karla og kvenna í samfélagi okkar, sem og áhrif hugmynda um karlmennsku og kvenleika á viðhorf okkar og væntingar. Þá verða viðteknar hugmyndir samfélagsins um jafnrétti, ofbeldi og klám teknar til gagnrýnnar skoðunar og kynntar til sögunnar hagnýtar aðferðir sem beita má til að leiða umræðu og vinnu með viðkvæm málefni í barna- og unglingsstarfi.

**Skráning og nánari upplýsingar um námskeiðið eru á vef Menntavísindastofnunar:**

<https://menntavisindastofnun.hi.is/is/kynbundid-ofbeldi-forvarnir-og-fraedsla>

#### UMSJÓNARKENNARI

Eyrún Ólöf Sigurðardóttir, aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

#### MARKHÓPUR

Starfsfólk og kennarar leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

#### KENNSLUÁÆTLUN (birt með fyrirvara um breytingar)

Námskeiðið er kennt á vormisseri 2022 í tveimur staðlotum, auk vikulegra fyrirlestra og kennsluhlés sem nýtist í verkefnavinnu á vettvangi.

- ◆ Staðlota 1: 21. janúar og 22. janúar. Menntavísindasvið - Stakkahlíð.
- ◆ Fyrirlestrar: 27. janúar, 3. febrúar, 10. febrúar og 11. febrúar. ZOOM.
- ◆ Verkefnalota: Febrúar og mars (þátttakendur vinna verkefni á vettvangi með stuðningi kennara).
- ◆ Staðlota 2: 25. mars og 26. mars. Menntavísindasvið - Stakkahlíð.

#### SKRÁNING OG SKRÁNINGARGJALD

- ◆ Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig í síðasta lagi 30. nóvember 2021.
- ◆ Skráningargjald: 55.000 kr.\* (sjá upplýsingar á heimasíðu námskeiðsins).
- ◆ Upplýsingar um skráningu: [starfsthrounmvs@hi.is](mailto:starfsthrounmvs@hi.is)

